
Vatnsaflsvirkjun við Kaldá í Önundafirði, Ísafjarðarbæ, Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 9. júlí 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá AB Fasteignum um fyrirhugaða vatnsaflsvirkjun við Kaldá í Önundafirði, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 3.22 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 12. ágúst 2015
- Fiskistofu með bréfi dags. 10. ágúst 2015,
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 7. ágúst 2015
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. júlí 2015
- Orkustofnun með bréfi dags. 10. ágúst 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. ágúst 2015
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 31. júlí 2015

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 19. ágúst 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að fyrirhuguð Kaldárvirkjun sé rennslisvirkjun með uppsett afl 600 kW_e. Í rennslisvirkjun er árvatn sem rennur eftir náttúrulegum farvegi nýtt. Í stað miðlunarlóns er með stíflugerð útbúið lítið inntakslón með yfirfalli fyrir umframvatn. Inntaksstíflan í Kaldá mun standa í um 162-165 metra hæð yfir sjávarmáli. Stíflan verður steipt og verður hún að hámarki 18 m að lengd og 3 m á hæð þar sem hún rís hæst í miðjum árfarveginum. Flatarmál inntakslóns við stíflu verður að hámarki 150 m². Vatn sem ekki er nýtt til raforkuframleiðslu mun renna um yfirfall í árfarveg Kaldár. Vatn mun því ávallt renna um farveg árinna neðan inntakslóns.

Fram kemur að fallpípa (aðveitulögn) frá vatnsinntaki að stöðvarhúsi verði um 1130 m á lengd og alfarið grafin í jörðu.

Skurður fyrir fallpípuna verður 1,4 m breiður og að jafnaði um 1,8 m djúpur. Fallpípan mun liggja austan megin Kaldár og verður fjarlægð hennar frá ánni á bilinu 5-35 m. Á framkvæmdatíma þarf að leggja vegslóða frá Flateyjarvegi að inntakslóni og mun hann liggja við hlið aðveitulagnar. Gert er ráð fyrir að vegslóði verði fjarlægður þegar virkjun hefur verið gangsett og fyrri ásýnd lands endurheimt að eins miklu leyti og kostur er. Fram kemur að stöðvarhús verður staðsett við Kaldá austanmegin og í rúmlega 50 m fjarlægð frá strönd Önundarfjarðar. Fjarlægð byggingar frá ánni verður um 10-20 m. Gert er ráð fyrir að



grunnflötur stöðvarhúss verði allt að 70 m² og hámarkshæð húss 4 m frá lægsta punkti lands við húsvegg.

Fram kemur að frá stöðvarhúsi verður beisluðu vatni veitt út í farveg Kaldár um skurð sem verður 15-25 m á lengd, 1,3 m á breidd og 0,9 m á dýpt. Framleidd raforka verður flutt um allt að 95 q jarðstreng með 19 kV spennu frá stöðvarhúsi að 19 kV jarðstreng Orkubús Vestfjarða sem liggur norðan við Flateyjarveg. Rafstrengurinn mun liggja í jaðri vegar milli stöðvarhúss og Flateyjarvegs og er lengd strengs að tengipunkti við dreifikerfi (afhendingarstaður virkjunar) u.þ.b. 220 m. Ekki er þörf á uppsetningu sérstakra tengivirkja utan stöðvarhúss vegna flutnings raforku frá Kaldárvirkjun inn á dreifikerfið. Fram kemur að nothæft efni úr skurði fyrir fallpípu verður nýtt eins og hægt er. Annað jarðefni verður flutt frá Klofningsnámu og/eða námu við Mosvallaskeið, sem hvoru tveggja eru skilgreindar í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Fram kemur að Kaldá er ekki þekkt fyrir fiskgengd og eru ástæður þess líklega hversu grunn, brött og stutt áin er, og næringarframleiðsla í henni lítil. Vatnsrennsli að inntaksmannvirki er töluvert meira en það vatnsmagn sem virkja á og vatn mun því áfram renna í farvegi Kaldár neðan inntakslóns. Þar sem árfarvegurinn mun ekki þorna upp er ekki búist við því að tegundir í vistkerfinu við ána hverfi þó líklega dragi úr heildarframleiðni.

Fram kemur að Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða framkvæmdi fornleifakönnun við Kaldá sumarið 2013. Nokkrar fornleifar sáust á yfirborði jarðar í grennd árinna á Hvilftarströnd en engin þeirra er þó innan framkvæmdasvæðisins. Ef áður ókunnar fornleifar koma í ljós við gröft á svæðinu mun það verða tilkynnt til Minjastofnunar Íslands.

Fram kemur að Kaldárdalur og svæðið neðan hans hafi ekki verið mikið nýtt til útivistar í gegnum tíðina. Eitthvað er um að fólk fari um svæðið til berjatínslu þegar þannig árar. Lítil rennslisvirkjun við Kaldá ætti þó ekki að draga mikið úr gæðum svæðisins til útivistar.

Fram kemur að við skoðun Náttúrustofu Vesturlands á næsta nágrenni Kaldár (töluvert stærra svæði en framkvæmdasvæðið) sáust engar fugla- og plöntutegundir sem skilgreindar eru á valista. Með hliðsjón af því hvernig staðið verður að framkvæmdum og hversu lítil fyrirhuguð rennslisvirkjun verður er búist við því að áhrif hennar á gróður og fugla verði afar lítil.

Fram kemur að umhverfisáhrif verði mest á framkvæmdatíma, en eftir að virkjun hefur verið gangsett verða þau afar lítil. Neikvæð sjónræn umhverfisáhrif Kaldárvirkjunar verða lítil sé staðið vel að frágangi aðveitulagnar og slóða að inntaki.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar er ekki tekin afstaða til matsskyldu framkvæmdar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 600 kW_e rennslisvirkjun í Kaldá í Öfundarfirði Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3.22 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður, mófugla og landslag verði einkum á framkvæmdatíma en ummerki eftir framkvæmdina lítil þegar frá líður. Áhrif á gróður og landslag verða óveruleg og að mestu afturkræf, með tilliti til lítils umfangs framkvæmdarinnar og viðkvæmni framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að áhrif á dýralíf svæðisins verði óveruleg, en ekki er um að ræða fiskgenga á auk þess sem áfram er gert ráð fyrir rennsli í henni. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á landnotkun verði óveruleg þar sem framkvæmdin hefur ekki bein áhrif á útivist. Þá verða áhrif á menningarminjar óveruleg.

Skipulagsstofnun telur hættu af flóðum vegna stíflu rofs vera óverulega þar sem um rennslisvirkjun er að ræða og farvegur neðan stíflu er vel afmarkaður og engin byggð er nærri farveginum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð virkjun í Kaldá í Öfundarfirði í Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu ásamt umhverfismati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2015.